

Nd.

23. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Fulltrúar utanríkismálaráðuneytisins erlendis skulu gera sér far um að fylgjast sem bezt með sóttarhari, hver í sinu umdæmi, og vera við því búinir að gefa skipstjórum, er sigla vilja til Íslands, leiðbeiningar þar að lútandi. Þeir skulu og tilkynna utanríkismálaráðuneytinu tafarlaust, ef upp koma eða yfirvofandi má telja, að upp komi í umdæmi þeirra erlendar sóttir, og láta það síðan jafnan fylgjast með gangi þeirra. Sama gildir um hverskonar aðra næma sjúkdóma, ef þeir gerast óvenjulega útbreiddir eða illkynjaðir, eða ráðuneytið óskar sérstaklega fregna af þeim.

2. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Um umbúnað líka, sem flutt eru inn í landið, fer eftir reglum um flutning líka, sem settar verða samkvæmt lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, nema sérstaklega heyri undir ákvæði þessara laga.

G r e i n a r g e r ð .

Við samningu fyrirmæla- og leiðbeiningabókar fyrir fulltrúa utanríkismálaráðuneytisins erlendis hefir komið í ljós, að í íslensk lög skortir ákvæði, er til megi vitna um skyldu fulltrúanna að tilkynna utanríkismálaráðuneytinu, ef upp koma hættulegir, næmir sjúkdómar í umdæmum þeirra. Þykir sjálfsagt að leggja þeim þær skyldur á herðar, og eiga ákvæði um það heima í lögum um sóttvarnir gegn útlöndum. Sama ætti og að gilda um næma búfjársjúkdóma, og mun verða tækifæri til að setja því lík ákvæði í lög um þá, er borin verða fram á þessu þingi.

Það hefir einnig komið í ljós, að vant er lagaákvæða um umbúnað líka, sem leyft er að flytja til landsins, og raunar einnig um meðferð líka og líkflutning innanlands, en þau ákvæði þykja aðallega eiga heima í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, sbr. frv., sem flutt er jafnframt um breyting á þeim lögum þar að lútandi, og er hér aðeins vitnað til þeirra ákvæða.

Fr. þetta er flutt í samráði við félagsmálaráðherra.